



Litla-Hrauni 23 nóvember 2022

Fangavarðarfélag Íslands mótmælir harðlega þeim niðurskurðarhugmyndum sem koma fram á minnisblaði Dómsmálaráðherra, dagsett 22 nóv 2022 til Fjárlaganefndar Alþingis.

Í stöðu álags á fangaverði í fangelsum landsins í dag, eru slíkar hugmyndir ekki til að létta á áhyggjum fangavarða af stöðunni. Að hafa áhyggjur af verkefnum dagsins er nóg þó ekki þurfi einnig að hafa áhyggjur af starfsöryggi sínu vegna mögulegra uppsagna á aðventunni.

FVFI skorar á Fangelsismálastjóra, Dómsmálaráðherra og Alþingi að tryggja strax bæði starfsöryggi fangavarða og öryggi í fangelsum landsins. Minnispunktur ráðherra eru mjög nákvæm lýsing á stöðunni sem er til staðar í fangelsunum í dag. Því miður er þessi staða ekki alveg ný en FVFI sendi frá sér áskorun 29 janúar á þessu ári vegna ástands öryggismála í fangelsunum. Ástandið hefur bara versnað síðan þá.

Virðingarfyllt

Stjórn FVFI

Punktar úr minnisblaði Dómsmálaráðherra 22 nóv.-22

Afleiðingar ef ekki koma til auknar fjárheimildir 2023 og fjáráuki 2022:

1. Fangelsinu að Sogni verður varanlega lokað frá og með 1. janúar 2023
 - a. 12 starfsmenn missa vinnuna
 - b. 21 fangelsipláss hverf úr notkun
2. Húsi 3 á Litla Hrauni verður lokað, a.m.k. allt árið 2023
 - a. 4-5 starfsmenn missa vinnuna eða fá ekki framhaldsráðningu
 - b. 23 fangelsipláss hverfa
3. Boðunarlisti lengist
4. Fyrimingar refsinga aukast
5. Starfsfólk mun þreytast og starfsánægja mun skerðast verulega
6. Öryggismál fangelsanna áfram í ólestri